

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í Vesturbyggð.

1. gr.

Af hundum og köttum í Vesturbyggð utan lögbýla skal innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjaldskránni er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Vesturbyggð nr. 635/2012 og samþykktar um kattahald og gæludýarahald annað en hundahald í Vesturbyggð á starfssvæði heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis nr. 81/2018.

2. gr.

Við leyfisveitingu hunda og katta skal innheimta gjald sem hér segir og er það jafnframt árgjald það árið:

Fyrsta leyfisveiting fyrir hund	17.920 kr.
Fyrsta leyfisveiting fyrir kött	4.750 kr.
Leyfisveiting fyrir hund eftir útrunninn frest	23.390 kr.
Bráðabirgðaleyfi fyrir hund	6.345 kr.

3. gr.

Af leyfðum hundum og köttum skal innheimta árlega eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn hundur	14.520 kr.
Einn köttur	6.795 kr.

4. gr.

Greiðslur vegna trygginga og árleg hundahreinsun eru innifaldar í leyfisgjaldi.

5. gr.

Við afhendingu handsamaðra hunda og katta skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending hunds	16.135 kr.
Önnur afhending hunds	32.270 kr.
Þriðja afhending hunds	32.270 kr.
Fyrsta afhending hunds án leyfis	37.685 kr.
Handsömun á ketti	6.795 kr.

Óheimilt er að afhenda hunda og ketti án leyfis nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferða.

6. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 15. febrúar og eindagi 15. mars ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga skv. lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

7. gr.

Undanþegnir leyfisgjaldi eru leitarhundar björgunarsveita og hjálparhundar fatlaðra og skal ljósrit af viðurkenningu um þjálfun þeirra afhendast við umsókn um niðurfellingu leyfisgjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu leyfisgjalda sé viðkomandi hundur ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

8. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Vesturbyggðar á 377. fundi þann 14. desember 2022, er sett samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, samþykkt um hundahald í Vesturbyggð nr. 635/2012 og samþykktar um kattahald og gæludýarahald annað

Nr. 1573

14. desember 2022

en hundahald í Vesturbyggð á starfssvæði heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis nr. 81/2018. Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2023 og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Vesturbyggð nr. 1639/2021.

Vesturbyggð, 14. desember 2022.

Þórdís Sif Sigurðardóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 29. desember 2022